

STJÓRN ÚRVINNSLUSJÓÐS

364. fundur, miðvikudaginn 18. desember 2024 kl. 8:30-10:00

Teams

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar (25 mín)

- Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins 2024
- Erindi til stjórnar frá SORPU – Tilraunaverkefni Góða hirðisins á undirbúningi fyrir endurnotkun stórra raftækja
- Söfnunarstöðvagjald sveitarfélaga vegna raftækja

B. Til samþykktar (55 mín)

- Breyting á endurgjaldi fyrir perur
- Erindi til stjórnar frá Hringrás – endurskoðun endurgjalds af tilteknum vörutegundum
- Starfsáætlun Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2025
- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Upplýsingatækni- og upplýsingaöryggisstefna

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),

Birta Sif Arnardóttir (BSA),

Hildur Hauksdóttir (HH),

Jón Viggó Gunnarsson (JVG),

Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),

Boðuð forföll:

Kristinn Már Reynisson (KMR)

Fjarverandi:

Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),

Guðlaugur G. Sverrisson (GGG),

Íris Gunnarsdóttir (ÍG),

Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Tillaga Úrvinnslusjóðs um breytingar á endurgjaldi fyrir perur var samþykkt.
- Tillögur Úrvinnslusjóðs um breytingar á endurgjaldi fyrir hjólbarða, raftæki, skjái, iðnaðar- og startrafhlöður, drifrafhlöður, líþiumrafhlöður og blandaðar rafhlöður voru samþykktar í heild sinni.
- Starfsáætlun Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2025 var samþykkt.
- Umhverfis- og loftslagsstefna var samþykkt.
- Upplýsingatækni- og upplýsingaöryggisstefna var samþykkt.

FUNDARGERÐ

A. Til kynningar

1. Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins 2024

Skýrslan var lögð fram með fundargögnum og telst kynnt stjórn.

2. Erindi til stjórnar frá SORPU – Tilraunaverkefni Góða hirðisins á undirbúningi fyrir endurnotkun stórra raftækja

JVG vék af fundi. ÍG tók sæti á fundinum og fór yfir erindi Sorpu og minnisblað sem Úrvinnslusjóður tók saman í tilefni af erindinu. Umræður.

3. Söfnunarstöðvagjald sveitarfélaga vegna raftækja

JVG tók sæti á fundinum á ný. ÍG kynnti minnisblað sem Úrvinnslusjóður tók saman vegna söfnunarstöðvagjalds sem nú er greitt þjónustuaðilum. Tillaga að breyttu fyrirkomulagi greiðslna verður lögð fram þegar frekari vinna hefur farið fram innan sjóðsins.

B. Til samþykktar

4. Breyting á endurgjaldi fyrir perur

ÍG fór yfir minnisblað sem Úrvinnslusjóður tók saman um endurgjald fyrir perur. Lögð er til hækkun á endurgjaldi úr 93 kr./kg. í 265 kr./kg. Umræður. HH óskar eftir að skoðað verði hvort fleiri úrgangsflokkar séu meðhöndlaðir á sambærilegan hátt og perur. Stjórn samþykkti einróma tillögu um hækkun skv. ofangreindu.

5. Erindi til stjórnar frá Hringrás – endurskoðun endurgjalds af tilteknum vörutegundum

LMÓ vék af fundi. GGS tók sæti á fundinum undir þessum lið og fór yfir minnisblað sem Úrvinnslusjóður tók saman í tilefni af erindi frá Hringrás, dags. 22. nóvember 2024. Í minnisblaðinu eru lagðar til breytingar á endurgjaldi á hjólbörðum, raftækjum, skjáum, iðnaðar- og startrafhlöðum, drifrafhlöðum, lipíumrafhlöðum og blönduðum rafhlöðum. Umræður, m.a. um ferli breytinga á endurgjaldi innan Úrvinnslusjóðs, sem GGS gerði grein fyrir, og um áhættustjórnun í því sambandi. Stjórn samþykkti tillögur Úrvinnslusjóðs um breytingar, í heild sinni.

6. Starfsáætlun Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2025

LMÓ tók sæti á fundinum á ný. Drög að starfsáætlun voru unnin á vinnufundi stjórnar þann 5. desember sl. KMM lagði áætlunina fram til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Umræður fóru fram um skráningu fundargerða eða minnispunkta af vinnufundum.

7. Umhverfis- og loftslagsstefna

Stjórn samþykkti stefnuna einróma, með áorðnum breytingum frá síðasta fundi.

8. Upplýsingatækni- og upplýsingaöryggisstefna

EA kynnti drög að nýrri stefnu um upplýsingatækni og upplýsingaöryggi. Stjórn samþykkti stefnuna einróma.

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála

Fundi slitið kl. 10:00.

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.